

Dómsorð:

Stefndu, fjármálaráðherra og menntamálaráðherra f. h. ríkissjóðs, sýslumaður Skagafjarðarsýslu vegna sýslusjóðs, Gunnar Gíslason vegna Varmahlíðarfélagsins og Halldór Benediktsson, Sigurður Sigurðsson, Jón Jónsson, Bessi Gíslason og Gunnar Gíslason f. h. skólanefndar héraðsskólans í Varmahlíð eiga að vera sýknir af kröfum stefnanda, Vigfúsar Helgasonar, í þessum hluta málsins.

Málskostnaður fellur niður.

Málflutningsþóknun skipaðs talsmanns stefnanda, héraðsdómslögmanns Þorvalds Ara Arasonar, kr. 18.000.00, og málflutningsþóknun skipaðs talsmanns stefndu, Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 9.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Miðvikudaginn 24. febrúar 1965.

Nr. 34/1965. **Helgi Hóseasson**
 gegn
Biskupi Íslands.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Dómhæfi. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Magnús Thoroddsen, fulltrúi yfirborgardómara, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Sóknaraðili hefur með kæru, dags. 28. desember 1964 og hingað kominni 13. þ. m., skotið til Hæstaréttar frávisunardómi bæjarþings Reykjavíkur 22. desember 1964. Krefst sóknaraðili þess, að hinum kærða dómi verði hrundið og að lagt verði fyrir héraðsdómara að kveða upp efnisdóm í málinu. Þá krefst hann og málskostnaðar í héraði og hér fyrir dómi.

Af hálfu varnaraðilja hafa hvorki borizt greinargerð né kröfur.

Lög og landsréttur taka ekki til sakarefnis þess, sem hér liggur fyrir. Ber því með skirskotun til 66. gr. laga nr. 85/1936 að staðfesta héraðsdóminn.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. desember 1964.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. þ. m., hefur Helgi Hóseasson trésmíðameistari, Skipasundi 48, Reykjavík, að undangenginni árangurslausri sáttatilraun, höfðað fyrir bæjarþinginu gegn biskupnum yfir Íslandi, herra Sigurbirni Einarssyni, Tómasarhaga 15, Reykjavík.

Stefnandi gerir þessar dómkröfur í málinu: „að herra biskupinn hlutist til um, svo fljótt sem kostur er á, að sáttmála þeim, er gerður var við skírn mína og fermingu, verði rift, þannig að ljóst sé, að um fullkomna afturköllun sé að ræða á því heiti, sem ég var á sínum tíma látinn vinna við skírn mína og síðar fermingu, og um grun sé gert, að nafn mitt sé ekki tengt Jehóva lengur.

Þar sem ég tel mig skipta þetta miklu máli, en mér hefur verið synjað um alla leiðréttingu, þetta varðandi, tel ég mig tilneyddan að fara þessa leið til að ná þeim rétti, sem ég tel mig ótvírætt eiga samkvæmt stjórnarskrá vorri.

Þá geri ég kröfu um málskostnað að skaðlausu.“

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing í máli þessu.

Sakarefni þetta er þess eðlis, að það heyrir ekki undir lög-sögu dómstóla. Ber því að vísa máli þessu frá dómi ex officio samkvæmt 66. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

Eigi þykja efni til, eins og máli þessu er háttað, að dæma málskostnað.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi ex officio.